



Fjórðungssamband  
Vestfirðinga



Þinggerð

68. Fjórðungshings Vestfirðinga að vori

Ísafirði 12. apríl 2023

Miðvikudaginn 12. apríl 2023, var 68. Fjórðungsþing Vestfirðinga að vori haldið í sal Edinborgarhússins, Aðalstræti 7, Ísafirði og hófst kl. 14:30.

Dagskrá þingsins má sjá nánar í þingskjali 1. Atkvæðavægi sveitarfélaga má sjá í þingskjali 2.

### **Þingsetning**

Jóhanna Ösp Einarasdóttir formaður stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga, setti þingið kl. 14:36 og bauð þingfulltrúa og fundargesti velkomna.

Jóhanna gerði að tillögu að þingforseti yrði Sigríður Júlía Brynleifsdóttir, Ísafjarðarbæ. Tillagan var samþykkt og tók þingforseti Sigríður Júlía Brynleifsdóttir við fundarstjórn og bauð gesti og þingfulltrúa velkomna. Þingforseti gerði að tillögu sinni að varaforseti yrði Bragi Þór Thoroddsen, bæjarstjóri Súðavíkurbrepps og að þingritarar yrðu Sigurður Líndal Þórisson og Guðrún Anna Finnbogadóttir starfsmenn Vestfjarðarstofu. Tillagan samþykkt. Þingforseti fór stuttlega yfir dagskrá þingsins.

Þingforseti minnti á að skv. 5 gr. þingskapa skulu fulltrúar tilkynna þingforseta skriflega málefni þau er þeir óska að komi til umræðu undir liðnum önnur mál og jafnframt skuli geta flutningsmanna.

Þingforseti tilkynnti að samkvæmt skráningu þingfulltrúa væri mætt væri fyrir 7.148 atkvæði, eða 71% atkvæða.

Þingforseti lagði til að dagskrárliðir tvö og þrjú séu teknir saman og umræður verði eftir að endurskoðuð fjárhagsáætlun hefur verið lögð fram. Samþykkt einróma

Því næst var gengið til dagskrár

### **1. Skýrsla stjórnar og rekstrareininga sem stjórn FV ber ábyrgð á**

Þingforseti gaf Jóhönnu Ösp Einarasdóttur formanni FV orðið. Jóhanna Ösp tók til máls og flutti skýrslu stjórnar. Vísað er að öðru leyti í þingskjali 4.

Þingforseti gaf orðið laust um skýrslu stjórnar. Enginn þinggestur kvaddi sér hljóðs undir þessum lið.

### **2. Afgreiðsla ársreikninga og skýrslu endurskoðenda FV og rekstrareikninga sem FV ber fjárhagslega ábyrgð á**

Þingforseti gaf næst Elísabetu Samúelsdóttur, Ísafjarðarbæ fyrir hönd Fjárhagsnefndar Fjórðungssambandsins orðið.

Fór hún yfir ársreikning fyrir árið 2022 sem var staðfestur á stjórnarfundum 29. mars 2023 en fyrir lá einnig samhljóða tillaga fundar fjárhagsnefndar Fjórðungssambandsins 24. mars 2023. Ársreikningur var sendur til sveitarfélaga 31. mars 2023 og settur á heimasíðu með gögnum þingsins. Elísabet kynnti skýrslu endurskoðanda og skýrslu stjórnar þar sem sett er fram það álit að ársreikningur gefi glögga mynd af rekstri og efnahag FV í árslok 2022.

Elísabet fór síðan yfir skýringar með ársreikningi þar sem gert er grein fyrir rekstri einstakra deilda Fjórðungssambandsins og vísast til þingskjals nr. 5a.

Á grundvelli tillögu fjárhagsnefndar og samþykki stjórnar Fjórðungssambandsins þá gerði Elísabet að tillögu til þingforseta að ársreikningur verði samþykktur.

Þingforseti benti á að Elísabet hafi heimild til að halda áfram og fjalla um endurskoðaða fjárhagsáætlun og báðir liðir bornir upp saman í lok yfirferðar.

### **3. Endurskoðuð fjárhagsáætlun fyrir liðandi starfsár**

Með leyfi þingforseta hélt Elísabet áfram í beinu framhaldi af kynningu rekstrarreiknings og kynnti tillögu að endurskoðaðri fjárhagsáætlun Fjórðungssambandsins fyrir árið 2023. Endurskoðuð fjárhagsáætlun var send til sveitarfélaga 31. mars 2023 ásamt minnisblaði sviðsstjóra um efni áætlunarinnar og er það minnisblað einnig í gögnum þingsins, vísast að öðru leyti til þingskjala nr. 5b og 5c.

Fór Elísabet yfir helstu breytingar í endurskoðaðri fjárhagsáætlun fyrir 2023 í samanburði við fjárhagsáætlun sem samþykkt var á 67. Fjórðungspingi Vestfirðinga að hausti. Við gerð áætlunar var einnig stuðst við niðurstöðu ársreiknings 2022.

Stjórn Fjórðungssambands vann tillögu með sviðsstjóra að endurskoðaðri fjárhagsáætlun og lagði fyrir fjárhagsnefnd Fjórðungssambandsins. Fjárhagsnefnd fjallaði um tillöguna á fundi 24. mars og tillagan á þingskjali 5b er tillaga nefndarinnar til 67. Fjórðungspings Vestfirðinga að vori.

#### **Tekjuáætlun**

Rekstrartekjur er alls áætlaðar 270,2 mkr og hækka um 28,5 mkr frá samþykktri fjárhagsáætlun fyrir árið 2023, að meginhluta vegna aukins fjármagns aðgerða tengd Byggðaáætlun og framlaga til Sóknaráætlunar og framlaga Jöfnunarsjóðs. Einnig er breyting frá fjárhagsáætlun vegna ráðstöfunar endurgreiddra styrkja Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða.

#### **Gjaldaáætlun**

Rekstrargjöld eru alls áætluð um 265,75 mkr og hækka um 31,43 mkr frá fjárhagsáætlun 2022 mestmegnis vegna aukins verkefnafjármagns sem greitt er óskert til verkefna Vestfjarðastofu og annarra aðila sem sjá um framkvæmd þeirra.

**Rekstarniðurstaða.**

Rekstarniðurstaða með tilliti til breytingum á tekjum og gjöldum, lækkar um 2,9 mkr en er jákvæð um 4,450 þkr. Sem skýrist af leiðrétt er í einu lagi umfram framlag til Uppbyggingasjóðs sem fór til styrkúthlutunar á árinu 2022, alls 4.450 þ.kr. Rekstrarútgjöld eru því áætluð að verði jöfn rekstrartekjum.

Að lokum kynnti Elísabet það mat fjárhagsnefndar og ábendingum aðildarsveitarfélaga að hafin yrði gerð fjárhagsáætlunar til þriggja ára fyrir Fjórðungssambandið líkt og sveitarfélögum er áskilið í dag. Að öðru leyti vísast til þingskjals 5b fjárhagsáætlun og þingskjals 5c greinargerð með fjárhagsáætlun.

Þingforseti gaf orðið laust um ársreikning 2022 og tillögur að endurskoðaðri fjárhagsáætlun starfsársins 2023. Enginn kvaddi sér hljóðs undir þessum lið.

Þingforseti bar upp tillögu um að samþykkja ársreikning 2022 og endurskoðaða fjárhagsáætlun fyrir árið 2023. Tillagan samþykkt einróma.

**4. Ákvörðun dagsetningar haustþings og umfjöllunarefnis.**

Jóhanna Ösp Einarsdóttir kynnti tillögu stjórnar að dagsetningu og málefni 68. Fjórðungspings Vestfirðinga að hausti. Samþykkt á stjórnarfundi 29. mars 2023.

Tillagan gerir ráð fyrir að haustþing verði haldið 6. og 7. október á norðanverðum Vestfjörðum. Efni þingsins verði umhverfi og ímynd Vestfjarða, sjá nánar á þingskjali 6.

Þingforseti gefur orðið laust og óskar eftir öðrum tillögum um umfjöllunarefni á 68. Fjórðungspingi Vestfirðinga að hausti 2023.

Lilja Magnúsdóttir, Tálknafjarðarhreppi, kynnti eftirfarandi tillögu:

*Fjórðungsping Vestfirðinga haldið á Ísafirði 12. apríl 2023 leggur til að á haustþingi verði rædd málefni Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða með það að markmiði að efla starfsemi eftirlitsins til að gera því kleift að sinna öllum þeim skyldum sem á eftirlitinu hvíla.*

Lilja reifar málið og flytur erindi heilbrigðisnefndar Vestfjarðasvæðis. Sérstaklega er litið til að efla þá verkferla sem eftirlitið þarf að beita til að takast á við iðnaðar- og farartækjaúrgang, sjá nánar á þingskjali 7.

Fleiri kveða sér ekki hljóðs,

Ákvörðun dagsetningar og umfjöllunarefni þingsins borin fram til samþykktar. Þingforseti gerir að tillögu sinni að umfjöllunarefni þingsins verði samkvæmt tillögu stjórnar með sérstakri áherslu á þá málaflokka sem tillaga Lilju Magnúsdóttur innifelur.

Samþykkt einróma.

**5. Kosning kjörnefndar fyrir haustþing á miðju kjörtímabili sveitarstjórna (dagskrárliðurinn á ekki við á 68. Fjórðungspingi að vori)**

**6. Önnur mál löglega fram borin**

Þingforseti kynnti að fyrir þinginu lögju engar frekari tillögur en gaf orðið laust. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Þingforseti þakkaði þingfulltrúum, gestum og starfsmönnum fyrir þátttöku í þingstörfum og óskaði heimildar að ganga frá þinggerð í samstarfi við ritara og gaf nú orðið til formanns stjórnar.

**7. Frestun Fjórðungsþings Vestfirðinga til haust 2023**

Til máls tók Jóhanna Ösp Einarsdóttir, formaður stjórnar Fjórðungssambandsins.

Jóhanna Ösp þakkar þingfulltrúum fyrir gott þing, þingforseta fyrir fundarstjórn og starfsfólki Vestfjarðastofu fyrir skipulag og umgjörð þingsins. Hún þakkaði svo sveitarstjórnarfulltrúum fyrir samstarfið það sem af er kjörtímabilsins horfði fram til áframhaldandi samstarfs og óskaði öllum góðrar heimferðar.

Formaður frestaði svo 68. Fjórðungþingi að vori kl. 15.15

Sigríður Júlía Brynleifsdóttir, þingforseti

Sigurður Líndal Þórsson, þingritari

Guðrún Anna Finnbogadóttir, þingritari

**Þingskjal 1, Dagskrá**

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/68thing/thingskjal-1-dagskra-68.-fjordungsthings-vestfirðinga-ad-vori.pdf>

**Þingskjal 2 Atkvæðavægi**

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/68thing/thingskjal-1-2-atkvaedavaegi-2023.pdf>

**Þingskjal 3. Fulltrúar og gestir, 68. Fjórðungsþings Vestfirðinga að vori**

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/68thing/thingskjal-3-fulltruar-og-gestir-2023-68.-fjordungsthings.pdf>

**Þingskjal 4. Skýrsla stjórnar**

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/68thing/thingskjal-4-avarp-formanns-68.-fjordungstthing-vestfirðinga-ad-vori.pdf>

**Þingskjal 5a Ársreikningur Fjórðungssambands Vestfirðinga 2021**

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/68thing/thingskjal-5a-arsreikningur-fv-2022-1-.pdf>

**Þingskjal 5b Tillaga að endurskoðaðri fjárhagsáætlun fyrir árið 2022.**

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungstthing/68thing/thingskjal-5b-tillaga-endursk-fjarhagsaaetlun-fv-2023.pdf>

**Þingskjal 5c. Tillaga að endurskoðaðri fjárhagsáætlun fyrir árið 2022 – Greinargerð**

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungsting/68thing/thingskjal-5c-greinargerð-endursk-fjarhagsaaetlun-2023.pdf>

**Þingskjal 6 Tillaga, efni og staðsetning 67. Fjórðungspings að hausti**

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungsting/68thing/thingskjal-6-efni-stadur-og-dagsetning-68.-fjthings-ad-hausti-.pdf>

**Þingskjal 7 Efni 68. Fjórðungsping Vestfirðinga að hausti, Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða**

<https://www.vestfirdir.is/static/files/Sveitarstjornarmal/FV/Fjordungsting/68thing/thingskjal-7-efni-haustthings-heilbrigdiseftirlit-vestfjarda.pdf>